

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna Hrafnagilshverfis.

Skipulagsstofnun staðfesti 24. ágúst 2022 breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. júní 2022.

Í breytingunni felst heildstæð stefna fyrir uppbyggingu og þróun Hrafnagilshverfis til framtíðar, m.a. ný íbúðarbyggð og stækkun íþróttasvæðis. Með færslu Eyjafjarðarbrautar vestri austur fyrir Hrafnagilshverfi meðfram Eyjafjarðará eru áform um að breyta ásýnd og umgjörð núverandi vegar sem fer í gegnum þéttbýlið í samræmi við nýtt hlutverk hans.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 24. ágúst 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 8. september 2022